

Formáli ritstjóra

Í vorhefti *Ritröð Guðfræðistofnunar* kennir margra grasa en á síðum þess er að finna fjórar ritrýndar greinar og einn ritdóm um nýlegt fræðirit. Greinarnar fjórar eiga það sameiginlegt að fjalla um kristin trúarbrögð í sögu og samtíð en þó frá ólíkum fræðilegum sjónarhornum og í samtali við aðrar greinar hug- og félagsvísinda.

Í greininni „Grafið utan garðs? Greftranir í kjölfar sjálfsvíga á Íslandi 1800–1870“, sem er á sviði kristnisögu, heldur Hjalti Hugason áfram umfjöllun sinni um sjálfsvíg á níttjándu öld en greinin sem nú birtist er sú fjórða í röðinni um þetta sama efni og víst er að ekki hefur verið fjallað um þetta efni með jafn ítarlegum hætti áður og í þessum fjögurra greina flokki.

Í grein sinni „Mótun myndmáls: Landslagsmálverkið — Birtingarmynd óljósrar handanveru“ leitast Sigurjón Árni Eyjólfsson við að lýsa áhugaverðri viðleitni listamanna til þess að móta nýtt myndmál eftir innreið nútímans og tengir þar saman hugmyndasögu, guðfræði og myndlist. Jafnframt heimfærir hann umræðuna á íslenskt samhengi með greiningu á málverki eftir Þórarin B. Þorláksson.

Í greininni „Svo taka þau ákvörðun seinna“: Val foreldra tengt skírni og nafngjöf ungbarna“ fjallar Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir um afstöðu foreldra til skírnar og nafngjafar og breytingar á tímum mikilla breytinga í hinu trúarlega landslagi á Íslandi. Greinin er seinni grein af tveimur um sama viðfangsefni en rannsóknin sem greinarnar byggjast á er hluti af samnorrænu rannsóknarverkefni um stöðu skírnar í þjóðkirkjum Norðurlanda.

Í fjórðu og síðustu grein þessa heftis fjallar Æsa Sigurjónsdóttir um listsköpun Dýrfinnu Benitu Basalan og Melanie Ubaldo, tveggja íslenskra listamanna af filippseyskum uppruna. Greining á verkum þeirra sýnir hvernig listsköpun þeirra þjónar sem vettvangur fyrir flókið uppgjör við trúarlegan bakgrunn, menningarlega sjálfsmynd og persónuleg áföll.

Að síðustu má finna ritdóm eftir Hrein Hákonarson um bók Torfa K. Stefánssonar Hjaltalín, *Brynjólfur Sveinsson: Ævisaga*, sem kom út fyrir síðustu jól.

Greinarnar fjórar endurspeglar, sem fyrr, að fræðileg umfjöllun um trúarbragðatengd viðfangsefni er bæði lifandi og frjó, þrátt fyrir að vettvangurinn sé smærri en víða annars staðar. *Ritröð Guðfræðistofnunar* er eini birtingarvettvangur landsins sem sérhæfir sig í fræðilegri umræðu á íslensku um trúarbrögð og það er metnaðarmál okkar sem að ritinu standa að að hún sé bæði fagleg og vönduð. Ég þakka höfundum efnis fyrir framlag sitt og sömu-leiðis öllum þeim sem að útgáfunni komu, bæði ritnefndarfólki og prófarkalesara, fyrir samstarfið. Að lokum óska ég lesendum ánægjulegs og endurnærandi sumars.

Haraldur Hreinnson